

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps vegna Geitlands.

Skipulagsstofnun staðfesti 15. maí 2020 breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016, sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. júlí 2019.

Í breytingunni felst að 2,8 ha landbúnaðarsvæði í landi Geitlands er breytt í iðnaðarsvæði B11 fyrir vatnsátöppunarverksmiðju. Hámarksbyggingarmagn er 900 m<sup>2</sup> á tveimur hæðum. Jafnframt er skilgreint nýtt vatnsverndarsvæði VS6, vegna verksmiðjunnar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 15. maí 2020.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 3. júní 2020